

Vinnslustöðin h/f

Rennslismælingar
frá
fiskimjölsverksmiðju.

Páll R. Sigurðsson júní 2013

Inngangur.

Í mars fóru fram mælingar á frárennsli frá fiskimjölsverksmiðju Vinnslustöðvarinnar h/f. Þá var verksmiðja í fullum rekstri og í gangi var hreinsun á löndunarvatni í hreinsistöð verksmiðjunnar. Blóðvatn er unnið með fiskinum en löndunarvatn aðeins að hluta þegar aðstæður leyfa. Nú í sumar verða framkvæmdir sem miða að því að minnka það vatn sem notað verður við löndunina og bæta þar með möguleika til að minnka frárennsli og þar með umhverfisálag vegna starfseminnar.

Forsendur fyrir útreikningum.

Árið 2012 voru unnin tæp 72000 tonn af fiski í verksmiðjunni. Frárennsli frá verksmiðjunni samanstendur af ýmsum straumum sem eru mismunandi á milli daga. Mest af fitu og öðrum efnum kemur frá hreinsistöðinni, sem er áætlað að hafi hreinsað um 10800 tonn af vatni. Magn af efnum frá hreinsistöð er áætlað með hliðsjón af þessu magni og efnagreiningu frá Sýni ehf. Önnur forsenda er að sýnin séu marktæk fyrir meðalástand vinnslunnar sem hefur væntanlega staðið yfir í 80 sólarhringa (reyndar á árinu 2012). Mælt meðalrennsli þann 18. mars var 140 L/mín frá fituskilju, 417 L/mín frá þvottaturni og 160 L/mín frá soðkjarnatækjum. Kælisjór frá eimingartækjum er áætlaður um 4000 L/mín. Samtals frárennsli er því um 4700 L/mín þegar hreinsistöð er í gangi.

Heildarmagn fitu í frárennsli.

Samkvæmt forsendum er mælt magn af fitu í útstreymi un 236 grömm á mínútu sem út frá forsendum gerir um 50 mg/L. Þann vinnslutíma sem hreinsistöð er ekki í gangi er fita í frárennsli óveruleg. Það er þó ástæða til að gefa því gaum að frá verksmiðjunni tapast væntanlega um 18 tonn af fitu á ári.

Heildarmagn af COD efnum.

Magn frá hreinsistöð á ári er áætluð 187 tonn. Frá þvottaturni 3,7 tonn og í þéttivatni 0,9 tonn. Samtals er þetta um 192 tonn sem er um 2,7 kg á tonn hráefnis.

Heildarmagn af svifögnum.

Magn frá hreinsistöð er áætlað 38,9 tonn. Og frá þvottaturni og soðkjarnatækjum um 0,4 tonn. Heildarmagn því um 39,3 tonn sem gerir 550 grömm á hráefnistonn.

Niðurstöður.

Magn uppleystra efna og svifagna er hærri en tilgreint er í starfsleyfi. Sem fyrr segir verður gerð endurbót á löndunarkerfi í sumar sem mun gefur möguleika á að minnka notkun á viðbættu vatni við löndun. Það er þó alltaf afgerandi að afli sem berst í verksmiðjuna sé óskemmdur.

Hreinsistöðin tekur aðeins út svifefni og fitu en uppleyst efni fara með frárennsli án hreinsunar.

Virðingarfyllt.

F.h. Vinnslustöðvarinnar h/f

Páll R. Sigurðsson

Eyðublað fyrir mælingar á frárennsli fiskimjölsverksmiðja

Fyrirt.

Vinnslustæðin 4/F

Dags.

18/3 2013

Unnið hráefni (t)

927

RPU

Kl.	4:00		8:00		12:00		16:00		20:00		0:00		Safnsýni	
Staður	Sýni nr.	Rennsli l/mín	Sýni nr.	Rennsli l/mín	Sýni nr.	Rennsli l/mín	Sýni nr.	Rennsli l/mín	Sýni nr.	Rennsli l/mín	Sýni nr.	Rennsli l/mín	TOC/COD	Fita
Fituskilja	5.	130	6.	156	1.	141	2.	134	3.	144	4.	136		
Þvottaturn (sjór)	5.	415	6.	420	1.	420	2.	420	3.	415	4.	415		
Gólf frárennsli														
Loðnuflokkun/hrognavinnslu														
Annað ÞÉTTIVATN	5.	160	6.	167	1.	170	2.	170	3.	145	4.	150		

Athugasemdir:

ANNAD. ÞÉTTIVATN FRÁ EIMINGARTÆKJUSM.

Leiðbeiningar um sýnatöku:

Tekið 500 ml af sýni fyrir hverja útrás alls 6 sýni á 1 sólarhring. Sýnin skulu geymd í kæli (<4 oC) og við lok sýnatökunnar er þeim blandað vel saman og tekin 2 x 500 ml sýni til mælinga. Sýni til mælinga á á TOC/COD og svifefnum er tekið í plastflösku en sýni fyrir mælinga á fitu í litaða glerflösku. Í hverja flösku er bætt 10 ml af saltsýru (eða flöskurnar koma með sýru). Sýnunum er komið til rannsóknarstofu eins fljótt og auðið er.

Merkingar á sýnum:

Einstök sýni skal merkja með tímasetningu og útrás.

Safnsýni skal merkja á greinilegan hátt með upphafsstöfum fyrirtækisins, útrás og dagssetningu (sjá meðf. leiðbeiningar).

